

Félags – og skólaþjónusta
RANGÁRVALLA- OG VESTUR- SKAFTAFELLSSÝSLU

Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella og Austurvegur 4, 860 Hvolsvelli

FUNDARGERÐ

67. fundur stjórnar *Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu* var haldinn þriðjudaginn 6.12.2022, klukkan 10.30 í fundarsal Mýrdalshrepps í Leikskálum í Vík.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson, Einar Kristján Jónsson, Tómas Birgir Magnússon, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir og Helga Björg Helgadóttir. *og Svein Davíðsdóttir*

Formaður setti fundinn og ritaði fundargerð í fjarveru ritara.

1. Málefni FSRV

Framkvæmdastjóri fór yfir starfsemi byggðasamlagsins

2. Húsnæði FSRV

Fjallað var um staðsetningu skrifstofa byggðasamlagsins vegna yfirstandandi stjórnskipulagsbreytinga.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að hefja viðræður við Rangárþing ytra um leigu á skrifstofuhúsnæði með það að augnamiði að starfsemi byggðasamlagsins verði öll höfð á sama stað. Framkvæmdastjóra er í framhaldinu falið að leggja nýjan leigusamning fyrir stjórn.

3. Rekstrarform FSRV

Fjallað var um breytingu á kennitölum vegna yfirstandandi stjórnskipulagsbreytinga.

Stjórn felur framkvæmdastjóra, í samráði við fjármálastjóra Rangárþings ytra, að vinna að flutningi rekstrar byggðasamlagsins á kennitölu Félags- og skólaþjónustunnar og afskrá kennitölur félagsþjónustudeildar og skólaþjónustudeildar.

4. Heiti og skjaldarmerki FSRV

Fjallað var um hvort ástæða sé til að endurskoða heiti byggðasamlagsins.

Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að taka samþykktir byggðasamlagsins til endurskoðunar með það að augnamiði að einfalda ákvæði sem lúta að boðun funda og heiti byggðasamlagsins. Vinna skal út frá því að skjaldarmerki skólaþjónustunnar verði notað fyrir byggðasamlagið að teknu tilliti til nafnbreytingar.

5. Fjárhagsáætlun 2023

Tekin var til umræðu drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2023.

Stjórn samþykkir fjárhagsáætlun 2023 og áætlun um framlög aðildarsveitarfélaganna til byggðasamlagsins.

Stjórn leggur jafnframt til við sveitarstjórnir Skaftárhrepps og Mýrdalshrepps að heimaþjónusta á vegum sveitarfélaganna verði færð til byggðasamlagsins til samræmis við hin aðildarsveitarfélögin.

6. Erindi frá mennta- og barnamálaráðuneyti vegna sérdeildar Suðurlands

Handwritten signatures and initials in blue ink, including names like Einar, Margrét, and Svein.

Tekið var til umfjöllunar erindi frá ráðuneytinu vegna þjónustusamnings um Sérdeild Suðurlands og mögulegrar afturköllunar staðfestingar á reglum um innritun og útskrift nemenda.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að kanna stöðu málsins hjá Árborg og upplýsa sveitarfélögin um framgang þess. Stjórn leggur til við aðildarsveitarfélögin að byggðasamlaginu verði falið framgangur málsins.

7. Starfsmannamál

Rætt almennt um starfsmannamál byggðasamlagsins.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að auglýsa stöðu teymisstjóra í skólaþjónustu. Framkvæmdastjóra er jafnframt falið að ganga frá ráðningum eða tilfærslum starfa vegna breytts stjórnskipulags.

8. Laun stjórnar

Stjórn felur framkvæmdastjóra að ganga frá greiðslum launa vegna stjórnarfunda og samþykkir að hér eftir verði þeir gerðir upp um hver mánaðarmót.

9. Önnur mál

Tekið var til umfjöllunar erindi frá þroskaþjálfara í Víkurskóla vegna þjónustu talmeinafræðings.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara erindinu

Næsti fundur stjórnar

Stjórn samþykkir að heimilt sé að næsti fundur verði haldinn í fjarfundi og tímasetning verði ákveðin þegar drög að samning um fullnaðarafgreiðslu mála hjá barnaverndarþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu liggur fyrir.

Fundi lauk: 12:55

Tann B. Munn
Margrét Hope Guðstemsd.
Helga Björg Helgadóttir
Svein T. Sveinsson
Einar H. Jónsson
Sveinn Davíðsson